

Lestrarfélagið Framför var stofnað haustið 2005.

Fundir eru haldnir mánaðarlega yfir vetrartímann á jarðhæð Bókasafnsins.

Í hverjum mánuði er lesin ein bók sem síðan er rædd á fundinum. Á fundum lestrarfélagsins er hægt að fá sér heitt kaffi eða te og segja sína skoðun á bókinni sem lesin var – eða einfaldlega hlusta á það sem hinir hafa að segja.

**Allir fundir hefjast kl. 19:00.
Aðgangur er ókeypis
og allir eru velkomnir!**

Afgreiðslutímar

mánudaga – föstudaga kl. 10 – 19
fimmtudaga kl. 09 – 19
laugardaga kl. 11 – 15
(okt. – maí)

Sími 585 5690, myndsendir 585 5689

<http://www.bokasafnhafnarfjardar.is>

<http://www.facebook.com/bokasafnhafnarfjardar>

<http://twitter.com/bokasafnhfj>


Bókasafn Hafnarfjarðar



2009-2010

16. september

Hús moskunnar
Kader Abdolah



Áhrifamikil frásögn um líf hversdagsfólks í Íran eftir byltinguna 1979. Lýst er örlögum einnar fjölskyldu sem endurspeglar örlög írönsku þjóðarinnar á þeim miklu umbrotatímum sem gengu yfir landið, og enduróma enn í nútíðinni. Saga um ólgandi tilfinningar í samfélagi heittrúnaðar og kúgunar.

14. október

Berlínaraspírnar
Anne B. Ragde



Í dimmum desembermánuði liggur gömul kona fyrir dauðanum í Prándheimi. Á meðan hún bíður örlaga sinna þurfa eiginmaður hennar, þrír synir og sonardóttir að takast á við atburði fortíðar til þess að geta hafið nýtt líf. Anne B. Ragde er nú meðal vinsælustu höfunda Noregs, og *Berlínaraspírnar* varð margföld metsölubók í Noregi.

11. nóvember


Hjarta Voltaires
Luis López Nieves



Hjarta Voltaires er þjóðargærsemi í Frakklandi; það eina áþreifanlega sem eftir er af einum fremsta hugsuði síðari alda. Dag nokkum kvikna efasemdir um að hjartað sem varðveitt er í skríni í París sé það rétta. Á æðstu stöðum er ákveðið að málið skuli rannsakað til hlítar og leit hefst að ættingjum heimspekingsins til að bera saman erfðaefni. Óvenjuleg spennusaga, sögð á óvenjulegan hátt.

13. janúar

Ódysseifskviða
Hómer



Einn af hornsteinum vestrænna bókmennta. Heimferð Ódysseifs úr Trójustríðinu tekur tíu ár og leikurinn berst víða. Eftir stórfengleg og kostuleg samskipti við kýklópa, sjóskrímsli og fagrar gyðjur tekur við barátta Ódysseifs gegn biðlumum sem sitja um hina þolgóðu Penelópu, eiginkonu hans. Skyldulesning fyrir alla sem vilja skilja samhengið í menningu síðustu 2500 ára.

10. febrúar

Eneasarkviða
Virgill



Höfuðverk rómverskra bókmennta og sagan um það hvernig Rómaveldi varð til. Eneas Trójukappi ferðast um langan veg eftir að heimaborg hans er hrunin og leitar að nýjum samastað. Við taka ástarævintýri með Dídó Karpagóardrottningu, valdamestu konu heimsins, og aðrar raunir. Mikil dramatík, mikil list.

11. mars – (Ath: Fimmtudagur)

Kantaraborgarsögur
Geoffrey Chaucer



Meistaraverk miðenskra bókmennta. Hópur fólks úr öllum stigum þjóðfélagsins hittist á leið sinni til grafar dýrlingsins Tómasar frá Becket í Kantaraborg þangað sem þau stefna í pílagrímsferð. Á leiðinni ákveða þau að keppa um hver getur sagt bestu söguna. Tryllt og ægífast gagnaafn um ástir, dyggðir, lesti, hetjuskap og önnur mannleg einkenni.

14. apríl

Frú Bovary
Gustave Flaubert



Mesta skáldsaga Flauberts og jafnframt eitt umdeildasta skáldverk allra tíma, en útgáfu þess árið 1857 fylgdi mikil hneykslunarbylgja og málaferli. Frú Bovary lýsir á ógleymanlegan hátt mannlegu eðli: Heitum ástríðum sem vakna skjótt og slævast fljótt að nýju. Heillandi en átakanleg lýsing á árekstri tilfinninga og samfélags.

12. maí

Yosoy
Guðrún Eva Mínervudóttir



Hér segir frá læknum Ólafi Benediktssyni, sérfræðingi í sársauka, sem er fenginn til að flytja heim til Íslands og fylgjast með hryllingsleikhúsinu Yosoy sem er til húsa í gömlu ullarverksmiðjunni við Álafoss. Stórskemmtileg og stuðandi lesning, blandin áleitnum spurningum um sál, líkama, fegurð og sársauka.



2009-2010